



Reglur um fullnaðarafgreiðslur embættismanna án staðfestingar bæjarstjórnar eða bæjarráðs

1.gr.

Forstöðumaður stjórnsýslu afgreiðir án staðfestingar bæjarráðs umsagnir til sýslumanns samkvæmt 1. tl. 4. mgr. 10. gr. laga nr. 85/2007 og veitir leyfi til sölu gistingar og veitinga og útleigu samkomusala í atvinnuskyni. Áður en forstöðumaður veitir leyfi skal hann leita umsagnar byggingafulltrúa.

2.gr.

Fjármálastjóri afgreiðir án staðfestingar bæjarráðs afslætti af fasteignaskatti samkvæmt reglum um afslátt fasteignaskatts sbr. 4. mgr. 5. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995.

3.gr.

Skipulags- og byggingafulltrúi afgreiðir án staðfestingar eigna-, skipulags- og umhverfisnefndar mál er falla undir skipulagslög nr. 123/2010 og lög um mannvirki nr. 160/2010 og skilgreind eru sem verkefni byggingarnefnda í lögunum önnur en afgreiðsla byggingarleyfa, úthlutun lóða, gerð byggingarskilmála og tillagna um nöfn gatna, torga og bæjarhluta sbr. samþykkt um afgreiðslur byggingarnefndar Fjarðabyggðar.

4.gr.

Skipulags- og byggingafulltrúi afgreiðir og undirritar endurnýjun lóðasamninga.

5.gr.

Dýraeftirlitsmaður Fjarðabyggðar afgreiðir án staðfestingar bæjarstjórnar leyfi fyrir dýrahaldi, sbr. samþykktir sveitarfélagsins um dýrahald, og framfylgir samþykktum. Dýraeftirlitsmaður fullnustar ákvarðanir í samráði við heilbrigðisfulltrúa og heilbrigðisnefnd.

6.gr.

Sviðsstjóri framkvæmda- og umhverfissviðs eða fulltrúi á mannvirkjasviði, afgreiðir húsaleigusamninga án staðfestingar eigna-, skipulags og umhverfisnefndar.

7.gr.

Bæjarstjóri veitir prókúru, að fengnu samþykki bæjarstjórnar, til ofangreindra starfsmanna sem sinna afgreiðslum skv. 1. – 6.gr.

Fjarðabyggð 19. maí 2017


Páll Björgvin Guðmundsson
bæjarstjóri

Samþykkt í bæjarráði 8. maí 2017
Samþykkt í bæjarstjórn 18. maí 2017